

Fundur í skólaráði 25. nóvember 2019

Mættir: Eyrún, Hólmfríður og Inga Huld kennarar, Elfa og Ágúst foreldrar, Soffía f.h. starfsmanna, Lea, Darri og Alma nemendur. Helga deildarstjóri skráir fundinn.

1. Glerárvision.
Þarf að nota gamla sviðið, ekki víst með teppin á gólf. Hljóðkerfi og ljós komin í hús. Æfingar ganga vel. Sparifatadagur. Upplýsingar sendar heim í vikunni. Rætt um upphaf Glerárvision.
1. B-álma, D-álma og leikskóli.
B-álma ekki enn búin og verið að ýta á að smáverkin verði kláruð. Hægt er að skoða skipulag/teikningu á lóðar í tengslum við leikskólann á heimasíðu Ak.þæjar. Verið er að hanna nýja skólalóð. Kastali, körfuboltavöllur, aparóla og útikennslustofa á teikniborðinu. Útboð á leikskóla verður eftir áramót og reiknað með að byrja á honum í mars 2020. D-álmunni á að breyta á næsta ári. Unnið svipað og á þessu ári og byrjað strax 1. maí. Farið verður inn á starfsmannafund með hugflæði um hvernig fólk vill hafa D-álmuna. Í framhaldi verður væntanlega gert andyri framan við inngang íþróttahúss með sameiginlegan inngang í skóla, íþróttahús og sundlaug.
2. Símafrí.
Grunnskólar Akureyrar ætla að hafa sameiginlega símafrísviku 9.-13. desember. Þarf að kynna og undirbúa. Öllum lýst vel á. Nemendaráð að skipuleggja einhverja leik/spili í frímínútum. Spurt um íþróttahúsið í frímínútum. Upphaflega hugsað sem vinaliðaverkefni. Þarf að skoða betur að sögn Eyrúnar.
3. Desember, áramót og janúar.
Desember skipulag að verða til. Kennari spyr hvort dagskrá nemendaráðs sé til fyrir desember. Ýmis uppbrot í desember. Eitthvað skreytt. Litlu jólin hefðbundin. 7.-10. bekkur 19. des. 1.-6. bekkur 20. des. Skóli hefst aftur 3. jan. skv stundarskrá. Frístund opin milli jóla og nýárs. Skipulagsdagur og viðtalsdagar í lok janúar. Ágúst talar um að það þurfi að að samræma skipulagsdaga milli leik- og grunnskóla. Hefur verið reynt og við munum reyna það áfram. 1.-4. bekkur gera laufabrauð 9. desember. Falleg hefð.
4. Önnur mál.
Nemendur spyrja um Skýjaborgir. Lítið gert en verið að ræða málin, vonandi hægt að koma með svör á næsta fundi skólaráðs.
Nemendur tala um að ávextirnir sem nemendur fá séu gamlir, brúnir og ekki fallegir. Verður rætt við matráð.
Nemendur viku af fundi.
5. Fjármál rædd. Eyrún fór yfir stöðu skólans í fjármálum. Erum að fá meiri tekjur en gert var ráð fyrir. Tekjur koma af mat, frístund og gistingu. Skólinn er alveg á áætlun hvað varðar fjárhagsáætlun. Rætt um gistingar, verið að ræða í nefnd hjá bænum hvernig eigi að standa að leigu skólahúsnæðis.
6. Starfsmannabreytingar.
Verið að ráða stuðningsfulltrúa. Þrjú skólaliðar hafa dottið út og þarf að ráða í þeirra stað. Tveir kennarar í veikindaleyfi, annar kemur um áramót, ekki vitað með hinn. Erfitt þegar margir eru frá vinnu.
Ágúst ræddi um frétt frá frh. skóla í Reykjavík sem tók upp íhugun/slökun og annað sem hafði jákvæð áhrif á starfsmannahald. Rætt um hvernig hægt er að nýta vinnutímann starfsmanna betur til slökunar. Getur skólastjóri komið til móts við starfsmennina með gefnum tíma til gönguferða eða líkamsræktar. Elfa telur að það geti styrkt heilsu fólks. Í Glerárskóli er smá sveigjanleiki en eflaust hægt að gera betur.

